

Fundargerð 07.04.22

Mætt voru: María, Hafsteinn, Sandra Lóa, Sunneva, Vala, Erla, Ingibjörg M., Gunnar, Steinar, og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Skólalóðin – öryggi og aðbúnaður

Hafsteinn fór yfir verkefnastöðu í viðhaldsmálum skólans.

Verið er að setja upp rafmagnshurð í vestur anddyrinu. Þá eru komnar rafmagnshurðir í öll anddyri skólans.

Búið er að samþykkja tilboð vegna lyftu í unglíngadeildinni. Lyftan verður sett á vegginn hjá Setrinu.

Búið er að fjölga myndavélum í aðalanddyri og unglíngaanddyri.

Endurnýjun skólahúsgagna í stofur mun ljúka á þessu skólaári.

Endurnýja á hitagrindina í samræmi við þá staðla sem eru í dag.

Komið hefur upp leki á nokkrum gluggum og búið er að laga það.

Ledljósavæðing á útilýsingu við skólann er að ljúka. Komin eru ný innljós á ganga skólans.

Í sumar verður grindverk við körfuboltavöllinn endurnýjað.

Fjölga á stöndum fyrir reiðhjól við skólann.

Vinna við snjallver gengur vel. Búið er að taka út tölvurnar úr tölvustofunni. Opnað hefur verið á milli stofa 205 og 206. Færa á bókasafnið í þetta rými eftir páska og þar verður snjallver.

Verið er að mál skólastofur jafnt og þétt.

Búið er að bæta aðstöðu til sviðslista s.s. hljóðkerfi.

Það stendur til að lyfta þaki skólans og taka á þakgluggana. Þetta þarf að gera til að bæta loftun og koma í veg fyrir leka með gluggum. Byrjað verður á vesturendanum. Fulltrúi í skólaráði gerði athugasemd við það að taka ætti þakgluggana og mun Hafsteinn fylgja þeirri athugasemd eftir.

Skólaráð

Málefni nemenda - stjórn nemendafélags vildu koma eftirfarandi á framfæri:

Nemendur töluðu um að blanda meira nemendahópum t.d. í Kuklinu. Þurfum að hrista hópana saman t.d. að aðstoða 8. bekk við að komast inn í hópinn.

Þau eru mjög ánægð með söng á sal.

Nemendur ræddu matarmálin. Þau segja að krökkunum finnst hakkréttir ekki góðir, of mikið sé af unninni matvöru. Maturinn sé oft orðinn kaldur þegar kemur að unglíngunum. Einnig betur þau á að vinsæll matur sé oft búinn þegar kemur að unglíngunum.

Vantar myndavegg fyrir bekkjarmyndir.

Fulltrúar nemendafélaginu sem mættu á fundinn: Arnþór Máni, Dagbjörg og Júlía.

Undirbúningur skólaþings 7.maí kl. 10:00-12:30.

Rætt var um að þeir nemendur sem mæta á skólaþing fái fá frí í tímum á móti. Foreldrar í skólaráði eru sammála þeirri tillögu.

Stefnt að því að fá 5 nemendur úr hverjum árgangi 5.-10. bekkja. Auglýsa þarf skólaþing vel fyrir nemendum. Óskað verður eftir að fá 2-4 fulltrúa foreldra úr hverjum árgangi.

Skóladagatal fyrir skólaárið 2022 – 2023 lagt fram til staðfestingar.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.